



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## 132 fundur stjórnar SSV

### FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 23 ágúst 2017 kl.10.00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi

Mætt voru; Rakei Óskarsdóttir, Valgarður Jónsson, Eggert Kjartansson, Árni Hjörleifsson, Ingveldur Guðmundsdóttir, Björn Hilmarsson, Hafdís Bjarnadóttir og Guðveig Eyglóardóttir. Hulda Hrönn Sigurðardóttir sat fundinn í forföllum Magnúsar Smára Snorrasonar. Ása Helgadóttir, Eyþór Garðarsson og Hilmar Hallvarðsson boðuðu forföll. Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson, framkvæmdastjóri, og Hrefna B. Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Rakei Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00

#### 1. Framlögð fundargerð frá 131 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 131 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

#### 2. Almenningsamgöngur

##### a. Rekstur almenningsamgangna

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á rekstri almenningsamgangna fyrstu sjö mánuði ársins. Reksturinn hefur gengið mun verr það sem af er sumri samanborið við undanfarin sumur og er ljóst að töluverð fækkun hefur orðið á farþegum. Beðið er eftir farþegatölum fyrir sumarið til að greina á hvaða leiðum fækkun er mest. Formaður lagði til að eftirfarandi yrði bókað:

*„Stjórn SSV lýsir yfir þungum áhyggjum af rekstri almenningsamgangna á Vesturlandi. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að eiga fund með Vegagerðinni og fara yfir stöðuna.“*

Stjórn samþykkti bókunina samhljóða.

##### b. Lög um fólksflutninga á landi

Lagt fram minnisblað frá Guðjóni Bragasoni lögfræðingi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um áhrif nýrra laga um fólksflutninga á landi sem samþykkt voru á Alþingi s.l. vor.

#### 3. Haustþing SSV 2017

Lögð fram dagskrá Haustþings SSV sem fer fram á Akranesi miðvikudaginn 11 október 2017. Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu við dagskrárgerð. Þema þingsins er húsnæðismál. Gert er ráð fyrir stjórnarfundum þann 10. október kl. 18.

#### **4. Sóknaráætlun Vesturlands**

Lagt fram minnisblað um fund samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands sem fer fram á Akranesi 10 október n.k. Lögð fram dagskrárdrög en farið verður yfir framgang verkefna á árinu 2017 og hugmyndir að nýjum áhersluverkefnum fyrir árin 2018 og 2019.

#### **5. Uppbyggingarsjóður Vesturlands**

Lagt fram minnisblað um endurskoðun á reglum Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á endurskoðuninni, en stjórn Uppbyggingarsjóðs og fagráð menningarmála funduðu um breytingarnar á fundi 27 júní s.l. Starfsfólki SSV hefur verið falið að vinna breytingartillögur með hliðsjón af umræðum á fundinum. Fyrirhugað er að leggja fram tillögu að nýjum reglum sjóðsins á næsta fundi stjórnar.

#### **6. Haustfundur landshlutasamtaka**

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirhugaðan haustfund landshlutasamtaka sem fer fram miðvikudaginn 4 október 2017. Formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur lagt til að öllum stjórnarmönnum í landshlutasamtökum sveitarfélaga verði boðið til fundarins, en venja hefur verið sú að formenn og framkvæmdastjórar sitji fundinn. Stjórn SSV tók vel í hugmyndir Sunnlendinga. Undirbúningur og skipulag fundarins verður í höndum SSV, en Vestlendingar eru þetta árið í forsvari fyrir samstarfi landshlutasamtakanna.

#### **7. Samgöngumál**

Lagt fram bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna endurskoðunar á stefnu í samgöngumálum vegna vinnu við samgönguáætlun 2018-2029. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu með tilvísan í Samgönguáætlun Vesturlands fyrir árin 2017-2029.

#### **8. Starfsmannmál**

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Anna Steinsen, skrifstofustjóri hefur óskað eftir að láta af störfum. Stjórn þakkar Önnu fyrir vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

#### **9. Framlögð mál**

**a. Lagt fram yfirlit frá framkvæmdastjóra um fundi sem hann hefur sótt frá júní til 14.08.2017.**

**b. Lagt fram minnisblað frá fundi formanns og framkvæmdastjóra með atvinnu- og nýsköpunarráðherra.**

Þar kom fram að á fundinum með ráðherra var m.a. farið yfir umferðaröryggismál á Vesturlandi með hliðsjón af fjölgun ferðamanna. Kynnt var sú vinna sem unnin hefur verið af SSV, Vesturlandsstofu, Vegagerðinni og lögreglunni á Vesturlandi um mögulegar aðferðir til þess að auka umferðaröryggi. Einnig var rætt um fyrirhugað breytingar og frekari uppbyggingu á Leifsbúð í Búðardal, en heimamenn hafa átt fundi með stjórnvöldum um mögulega aðkomu ríkisins að verkefninu. Loks var rætt um stuðning við uppbyggingu á aðstöðu fyrir og Fab-lab á Akranesi.

### **c. Matarauður Vesturlands**

Matarauður Vesturlands er eitt af sóknaráætlunarverkefnum ársins 2017. Verkefnisstjórn hyggst standa fyrir kynningu á vestlenskum matvælum í október undir yfirskriftinni „Veisla á Vesturlandi“. Þá hefur náðst góð samvinna við verkefnið Matarauður Íslands sem er verkefni á landsvísu. Loks kom fram að fyrirhugað er að sækja um styrk í samráði við aðra landshluta um að kortleggja og skoða leiðir til úrbóta varðandi flutning matvæla á markað og til veitingahúsa. Stjórn gerir ekki athugasemdir við að verkefnið sæki um styrk til „Matarauðs Íslands“.

### **d. Vinnureglur um gististaði í íbúabyggð.**

Hafdís Bjarnadóttir tók upp umræðu um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu. Bæjarstjórn Stykkishólms fjallaði um málið og tók bæjarstjóri, Sturla Böðvarsson, saman minnisblað sem sent hefur verið á þéttbýlissveitarfélög á Vesturlandi. Stjórnarmenn kannast vel við erindið og hefur það verið víða rætt. Stjórn fól framkvæmdastjóra að boða fulltrúa sveitarfélaga til fundar um þessi mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:05

HBJ